

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um neyðarsenda.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Hyggst ráðherra tryggja að reglur Evrópusambandsins, sem ekki gera kröfur um neyðarsenda í gúmbjörgunarbátum, eins og hér hefur verið skylda, verði ekki teknar upp hér á landi?
2. Hefur ráðherra hugleitt að skipa starfshóp sem skoði hvernig endurnýjun neyðarsenda er háttað og að gera breytingar á reglum til að tryggja enn frekar öryggi sæfarenda?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgangi Íslendinga að alþjóðlegum öryggis- og fjarskiptakerfum sem byggjast á þjónustu gervihnatta við leit og björgun mannlífa á sjó og landi?